



Barnaheill



ÁRSSKÝRSLA 2016

Stjórn og starfsmenn



Barnaheill

2016–2017

Stjórn

Kolbrún Baldursdóttir, formaður
Sigríður Olgeirsdóttir, varaformaður
María Sólbergisdóttir, gjaldkeri
Már Másson, ritari
Ólafur Ó. Guðmundsson, meðstjórnandi
Jón Ragnar Jónsson, meðstjórnandi
Anni Haugen, meðstjórnandi
Atli Þór Albertsson, varamaður
Harpa Rut Hilmarisdóttir, varamaður
Þórarinn Eldjárn, varamaður

Ungmennaráð

Herdís Ágústa Kristjánsdóttir Linnét, formaður

Starfsmenn

Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri
Margrét Júlía Rafnsdóttir, verkefnastjóri innlendra og Evrópuverkefna
Sigríður Guðlaugsdóttir, verkefnastjóri kynningarmála
Þóra Jónsdóttir, lögræðingur og verkefnastjóri innlendra verkefna

Ársskýrsla 2016

Barnaheill – Save the Children á Íslandi
Reykjavík apríl 2017
Prentun: Litróf – umhverfissvæn prentsmiðja

Forsíðumynd: Agnes Klara Bernharðsdóttir á leikskólanum Hæðarbóli í Garðabæ fagnar komu Blæs bangsa ásamt félögum sínum. Áhöfn á þyrlu Landhelgisgæslunnar kom Blæ og hjálparböngsunum örugglega á áfangastað og þar með var Vináttuverkefnið innleitt í leikskólann.

Efnisyfirlit

- 3 Frá formanni og framkvæmdastjóra
- 4 Innlent starf
- 13 Erlent starf
- 14 Sérstakar þakkir
- 15 Tekjur og gjöld 2016



Stoðþjónusta

Guðbjörg Andrésdóttir, móttaka
Ágústa K. Marísdóttir, bókarari

Nefndir

Kjörnefnd

Ásta Ágústsdóttir
Bjarni Snæbjörnsson
Helga Sverrisdóttir
Til vara:
Einar Gylfi Jónsson
Hrefna Friðriksdóttir

Laganefnd

Anni Haugen
Hafís Gísladóttir (til. 1.11.2016)
Til vara:
Einar Gylfi Jónsson
Hrefna Friðriksdóttir

Skoðunarmenn reikninga

Helga Jónasdóttir
Þórður Þórkelsson
Til vara:
Ásta Ágústsdóttir
Grétar Már Axelsson

Fulltrúar í stjórn

Mannréttindaskrifstofu Íslands

Kolbrún Baldursdóttir, aðalmaður
Erna Reynisdóttir, varamaður
Löggiltur endurskoðandi
Árni Björn Birgisson

Verndari Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er Vigdís Finnbogadóttir

Um Barnaheill

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru frjálst félagasamtök, stofnuð hér á landi árið 1989. Þau eiga aðild að alþjóðasamtökunum Save the Children sem voru stofnuð í Bretlandi árið 1919 og starfa nú í rúmlega 120 löndum. Stofnandi þeirra, Eglantyne Jebb, var með fyrstu baráttumanmeskjum fyrir rétti barna til að alast upp við öryggi og frið. Hún átti hugmyndina að og skrifaði sáttmála um réttindi barna árið 1921 sem síðar varð grunnurinn að barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Samtökin vinna að mannréttindum barna með því að vera málsvari þeirra, efla menntun og veita mannúðar- og neyðaraðstoð þegar hörmungar dynja yfir samfélag. Save the Children eru stærstu alþjóðlegu frjálsu félagasamtök sem starfa í þágu barna. Þau starfa eftir barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að rétti sérhvers barns til lífs, verndar, þroska og aukins áhrifamáttar. Heimasíða Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er barnaheill.is.

Frá formanni og framkvæmdastjóra



Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri



Kolbrún Baldursdóttir,
formaður stjórnar

Stjórn og starfsfólk Barnaheilla - Save the Children á Íslandi leggja metnað í að standa vörð um réttindi barna í takt við barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Til að gera starfið skilvirkt og markvisst skiptir stefnumótun miklu máli. Á árinu 2016 unnu stjórn, starfsfólk, ungmennaráð Barnaheilla og hagsmunaaðilar að mótun stefnu fyrir árin 2016-2018. Auk þess var framtíðarsýn samtakanna til ársins 2030 formuð. Áhersla samtakanna er á fjóra þætti;

Líf og þroska - að öll börn hafi jöfn tækifæri til lífs og þroska

Menntun - að öll börn hafi jafnan aðgang að gæðamenntun

Vernd gegn ofbeldi - að öll börn lifi öruggu lífi án ofbeldis og vanrækslu

Þátttöku - að öll börn hafi tækifæri til að segja sína skoðun og hafa áhrif á mál sem þau varða.

Í framhaldi af mótun þessara fjögurra megináherslna settu samtökin sér markmið til næstu þriggja ára og munu verkefni nánustu framtíðar taka mið af þessum markmiðum.

Verkefni Barnaheilla á árinu 2016 voru þegar komin í takt við þessar megináherslur og verður hér tæpt á þeim helstu. Forvarnarverkefnið *Vinátta* átti stóran sess í starfsemi samtakanna á árinu. Eftir tilraunakennslu efnisins veturinn 2014-2015 var verkefninu hrundið formlega af stað í febrúar. Það er skemmst frá að segja að *Vinátta* hefur fengið gríðarlega góðar viðtökur og í lok árs voru um 50 leikskólar búnir að taka verkefnið til notkunar - eða um 20% allra leikskóla á Íslandi.

Mikilvægur liður í starfi Barnaheilla í þágu barna er málsvarahlutverkið. Þar ber helst

að nefna þrýsting á stjórnvöld og aðra sem koma að málefnum barna eða eiga að standa vörð um réttindi þeirra. Gerðar voru umsagnir um þrettán frumvörp, þingsályktunartillögur og reglugerðir á árinu 2016. Á vordögum ítrekuðu samtökin áskorun til þingmanna og sveitarfélaga um gjaldfrjálsa grunnmenntun og var henni síðan fylgt eftir með undirskriftasöfnun þar sem samtökin fengu almenning til liðs við sig við að þrýsta á um málið. Barnaheill voru auk þess aðilar að þrýstihóp um bættu þjónustu við börn með geðrænan vanda, fötlun eða aðra sérstöðu. Hópurinn stóð að málþingi í apríl og sendi frá sér spurningalista til stjórnmalaflokka í aðdraganda haustkosninga þar sem þeir voru beðnir um að lýsa afstöðu sinni og fyrirætlunum í þeim málum.

Barnaheill eru aðilar að Evrópuhópi Save the Children. Hópurinn vann á árinu að gerð skýrslu um fátækt barna og tengsl barnafátæktar og menntunar. Skýrslan ber nafnið *Ending Educational and Child Poverty in Europe, Leaving no child behind, eða Tengsl barnafátæktar og skorts á tækifærum og menntun*. Skýrslan var kynnt í desember og fékk töluverða athygli. Í framhaldi af kynningu hennar sendu Barnaheill stjórnvöldum áskorun um að uppræta barnafátækt á Íslandi.

Ungmennaráð Barnaheilla vex og dafnar undir dyggri stjórn formannsins, Herdísar Ágústu Kristjánsdóttur Linnét. Fulltrúar ráðsins tóku meðal annars þátt í starfi ungmennaráða Save the Children á Norðurlöndunum. Ráðið stóð fyrir ýmsum kynningum og héldu fulltrúar þess erindi á málþingum auk þess að skrifa greinar í fjölmiðla. Gerð kvikmyndar um Barnasáttmálann er á lokastigi en myndin verður sýnd á RUV. Í nóvember stóð Ungmennaráðið fyrir barnafatasöfnun sem gekk vonum frammar og fékk góða umfjöllun í fjölmiðlum.

Viðurkenningin Barnaheilla var veitt að venju í tilefni af afmæli barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þann 20. nóvember. Að þessu sinni var það Þorgrímur Þráinsson sem hlaut hana. Þorgrímur er landsþekktur rithöfundur og hefur um langt skeið verið börnum góð fyrirmynd með jákvæðri afstöðu sinni til lífsins, heilbrigðu lífni og

drifkrafti. Auk ritstarfa hefur Þorgrímur unnið ötullega að lýðheilsuáttum og forvörnum.

Dagur mannréttinda barna var haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn í nóvember en Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu fyrir á árinu um að helga afmælisdag Barnasáttmálans fræðslu um mannréttindi barna. Barnaheillum var falin framkvæmd á þessum degi og í tilefni af honum var opnað vefsvæði tileinkað kennslu um mannréttindi barna.

Ljósmyndasýningin *Óskir íslenskra barna* eftir Ástu Kristjánsdóttur ferðaðist um landið á árinu. Hún var sett upp á 5 stöðum víðsvegar um landið og hlaut töluverða athygli. Grunnskólar heimsóttu sýninguna til að nýta efni hennar í kennslu og umræður með börnum um ofbeldi, vanrækslu, einelti og fátækt.

Á aðalfundi Barnaheilla í apríl varð sú breyting á stjórn samtakanna að úr stjórn gengu Guðrún Kristinsdóttir og Helga Sverrisdóttir, aðalmenn, auk Gunnars Hrafn Jónssonar, varamanns. Eru þeim þökkuð vel unnin störf fyrir samtökin. Í þeirra stað komu þau Jón Ragnar Jónsson og Anni Haugen sem aðalmenn og Atli Þór Albertsson og Harpa Rut Hilmarsdóttir sem varamenn. Ólafur Ó. Guðmundsson tók sæti aðalmanns en hafði áður verið varamaður. Engar breytingar urðu á starfslíði samtakanna.

Árleg fjáröflunarátök samtakanna eru gríðarlega mikilvæg, sem og mánaðarlegur stuðningur *Heillavina*. Stuðningur fyrirtækja, stofnana og einstaklinga eru forsenda þess að samtökin geti unnið að verkefnum sínum og erum við þakklát fyrir hann. Stjórn, starfsfólk, ungmennaráði og sjálfboðaliðum eru færðar bestu þakkir fyrir samstarf og stuðning á árinu. Einnig vilja samtökin þakka öllum þeim samstarfsaðilum sem hafa unnið með samtökunum auk annarra aðila sem hafa lagt okkur lið með ýmsu móti.

Takk fyrir:

Kolbrún Baldursdóttir, formaður stjórnar og Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá stofnun árið 1989 lagt áherslu á starf innanlands. Samtökin hafa barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í öllu sínu starfi og leggja áherslu á að standa vörð um réttindi barna, forvarnir, baráttu gegn ofbeldi á börnum, heilbrigðismál og að rödd barna heyrist betur í íslensku samfélagi.

ALMENN RÉTTINDABARÁTTA

Barnasáttmálinn

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er leiðarljós Barnaheilla – Save the Children á Íslandi. Hann var samþykktur á allsherjarþingi SP þann 20. nóvember 1989, fullgiltur á Íslandi 27. nóvember 1992 og lögfestur hér á landi 20. febrúar 2013, með lögum númer 19/2013 og er nú hluti af íslenski löggjöf. Barnaheill börðust lengi fyrir lögfestingu sáttmálans og fagna því mjög að hún hafi orðið að veruleika, enda var það mikil réttarbót fyrir börn á Íslandi. Barnasáttmálinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á því að börn séu hópur einstaklinga sem hafi sjálfstæð réttindi, óháð foreldrum eða forsjáraðilum, og að þau þarfnist sérstakrar umönnunar og verndar umfram fullorðna. Barnasáttmálinn kveður á um borgaraleg, stjórnómálag, efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi barna án tillits til kynþáttar, litarháttar, búsetu eða annarrar stöðu þeirra eða foreldra þeirra. Nær öll lönd heimsins hafa staðfest og fullgilt sáttmálann. Öllum sem vinna að málefnum barna, ber að gera það sem í þeirra valdi stendur til að framfylgja honum. Í Barnasáttmálanum er kveðið á um skyldur ríkja til að kynna ákvæði samningsins með viðeigandi hætti fyrir börnum og fullorðnum.

Dagur mannréttinda barna

Kynning á Barnasáttmálanum hefur ekki verið markviss á Íslandi undanfarin ár, en segja má að bragarbót hafi verið gerð á því á síðasta ári, þegar Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu um að gera 20. nóvember á ári hverju að degi helguðum fræðslu um mannréttindi barna. Með því móti eignast mannréttindi barna og Barnasáttmálinn fastan dag til kynningar og fræðslu árlega í skólum landsins. Barnaheillum – Save the Children á Íslandi var falið að sjá um framkvæmd á þessum degi í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og innviðisráðuneytið. Samtökin stóðu fyrir gerð vefsíðu með verkefnum sem tilvalin eru til notkunar við kennslu á öllum skólastigum.

Fátækt barna á Íslandi

Öll börn eiga rétt á að njóta þeirra réttinda sem kveðið er á um í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og ekki má mismuna börnum hvað þau réttindi varðar eftir stöðu þeirra eða foreldra þeirra. Þau eiga rétt á að lifa og þroskast, rétt á menntun, heilsuvernd, hvíld og tómstundum. Samt sem áður geta ekki öll börn notið ýmissa gæða til að eiga innihaldsríkt líf og geta ekki tekið þátt í samfélaginu á við önnur börn vegna efnahagslegrar stöðu foreldra

þeirra. Frá árinu 2013 hafa Barnaheill – Save the Children á Íslandi unnið að vitundarvakningu um barnafátækt og afleiðingum fátæktar á börn. Einn hluti þeirrar vinnu er samstarf um málefnið við Evrópuhóp Save the Children. Gerð var úttekt á málefnum fátækra barna í löndum Evrópu. Í apríl 2014 gaf Evrópuhópurinn út skýrslu um barnafátækt í álfunni; *Child Poverty and Social Exclusion in Europe – A matter of children's rights*. Framhald þeirrar skýrslu kom svo út í nóvember 2016; *Ending Educational and Child poverty in Europe, Leaving no child behind*. Þar eru einkum skoðuð tengsl barnafátæktar og menntunar. Við vinnuna voru jafnframt haldnar vinnustofur með ungmennum víða um Evrópu og sýn þeirra á fátækt og mismunun birtist í skýrslunni.

Í skýrslunni kemur fram að sterk tengsl eru á milli árangurs barna og efnahagslegrar og félagslegrar stöðu foreldra þeirra. Því sé ein árangursríkasta leiðin til að uppræta fátækt og ójöfnuð að styðja og auka færni þeirra barna sem eru hve verst stödd. Lítið hefur þokast í þá átt að uppræta fátækt frá síðustu skýrslu árið 2014. Enn búa um 28% barna í Evrópu við fátækt og um 14% íslenskra barna.

Börn sem búa við fátækt eru líklegri til að búa við fátækt sem fullorðnir einstaklingar og fá ekki sömu tækifæri og önnur börn. Að uppræta barnafátækt er því mikilvægt og hafa samtökin þrýst á stjórnvöld vegna þess.



Barnaheill stóðu fyrir gerð sérstaks vefsvæðis um Dag mannréttindabarna á barnaheill.is/dagurmannrettindabarna.

Hjólasöfnun

Hjólasöfnun Barnaheilla var haldin fimmta árið í röð í samvinnu við Æskuna, barnahreyfingu IOGT, endurvinnslustöðvar Sorpu og við Gámaþjónustuna og Íslenska gámafélagið. Markmið Hjólasöfnunarinnar er að börn í félagslega eða fjárhagslega erfiðri stöðu eignist hjól og geti þar með verið þátttakendur í samfélagi barna með auknum hætti og þau eflist þar með félagslega og heilsufarslega, jafnt líkamlega sem andlega. Að auki getur verkefnið stuðlað að valdeflingu barna, bættri umhverfisvitund og samfélagslegri ábyrgð. Sjálfbóðaliðar gerðu hjólin upp undir stjórn sérfræðinga í reiðhjólaviðgerðum. Hjólunum var úthlutað börnum efnaminni fjölskyldna í samstarfi við félagsþjónustuna, grunnskóla, Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur og Hjálparstarf kirkjunnar. Um 500 hjól söfnuðust og 251 hjóli var úthlutað. Fasteignafélagið Eik lánaði húsnæði til verkefnisins í Bæjarlind í Kópavogi. Aðrir sem studdu verkefnið voru NI, Póstdreifing, Eimskip Flytjandi, Ölgerðin, Dominos, Subway, Intersport, GÁP, Útilíf, Markið, Örninn, Everest, Tri og Kiwanis í Hafnarfirði.

Þrýstihópur um bætta þjónustu við börn

Barnaheill unnu í samstarfi við fleiri félagasamtök að því að þrýsta á um bætta þjónustu við börn með geðrænan vanda, fötlun eða aðra sérstöðu. Í apríl 2015 skrifuðu samtökin undir áskorun til yfirvalda, að frumkvæði SAMFOK, Félags skólastjórnmenda í Reykjavík og Kennarafélags Reykjavíkur, um bætta þjónustu við börn í vanda. Samband íslenskra sveitarfélaga brást við ákallinu og boðaði fulltrúa þeirra sem skrifuðu undir áskorunina á fund til sín í nóvember 2015. Í kjölfar þess fundar var stofnaður þrýstihópur um bætta þjónustu við börn. Hópurinn stóð að málþingi sem fram fór í apríl sem bar yfirskriftina „Lausnabing um málefni barna sem passa ekki í „kassann“. Hvað getum við gert og hvers vegna er það mikilvægt?“ Málþingið var vel sótt og vakti nokkra athygli. Fyrir kosningar í október sendi hópurinn spurningar til allra framboða til Alþingis þar sem þau voru beðin að lýsa afstöðu sinni og fyrirætlanum um aðgerðir varðandi málefnið. Svör bárust frá níu stjórnmalaflokkum og voru



Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, afhenti fyrstu hjólin í Hjólasöfnunina 2016. Á myndinni eru frá vinstri Sigurbjörg Helga Sigurgeirsdóttir, Æskunni, Aðalsteinn Jónsson IOGT, Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Þóra Jónsdóttir, Barnaheillum, Matthildur Sóley Eggertsdóttir, Langholtsskóla og Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður Barna

svör þeirra birt á heimasíðu SAMFOK í október.

Rekstur íbúðar fyrir fjölskyldur langveikra barna

Samkvæmt 24. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á að njóta besta mögulega heilsufars sem hægt er að tryggja með læknisaðstoð og heilbrigðisþjónustu. Samtökin leggja áherslu á að börnum á Íslandi sé ekki mismunað hvað það varðar.

Barnaheill eiga og reka íbúð í Reykjavík, sem ætluð er fjölskyldum veikra barna af landsbyggðinni. Barnaspítali Hringins hefur haft umsjón með notkun hennar og útleigu. Íbúðin er á Skúlagötu og voru dvalardagar 298 á árinu sem er 82% nýting.

MÁLVARAHLUTVERK

Mikilvægur liður í starfi Barnaheilla í þágu barna er málsvarahlutverkið og þrýstingur á stjórnvöld og aðra sem koma að málefnum barna eða eiga að standa vörð um réttindi þeirra. Mikil áhersla er lögð á að þau réttindi sem kveðið er á um í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna séu virt. Samtökin senda reglulega umsagnir til Alþingis um lagafrumvörp, þingsályktunartillögur og reglugerðir er lúta að málefnum barna, hér á landi sem erlendis. Jafnframt eru sendar út ályktanir og áskoranir til stjórnvalda og annarra aðila þegar samtökin telja brotið á réttindum barna. Í umsögnum, ályktunum og áskorunum er leitast við að hafa hagsmuni barna að leiðarljósi og það sem barni er fyrir bestu. Samtökin senda reglulega

greinar til fjölmiðla um málefni barna og þau verkefni sem samtökin vinna að. Allar greinarnar má finna á vefsíðu samtakanna undir liðnum Útgáfa.

Eftirtaldar umsagnir um frumvörp, þingsályktunartillögur og reglugerðir voru gerðar á árinu 2016:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 með síðari breytingum (Samningur Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi). 10.02.2016.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, lögum um aukatekjur ríkissjóðs, áfengislögum og lögum um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum (smásala áfengis). 10.02.2016.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (bann við hefndarklámi). 10.02.2016.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum. 17.02.2016.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. 29.03.2016.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum (barnalífeyrir). 30.03.2016.



Kolbrún Baldursdóttir, Guðni Th. Jóhannesson, Gunnar Ágústsson, Þorgrímur Þráinsson og Erna Reynisdóttir. Neðri röð: Ingibjörg og Herdís Ágústa Kristjánsdætur Linnet.

Áskorun um gjaldfrjálsan grunnskóla:

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá árinu 2015 vakið athygli á kostnaði foreldra vegna innkaupa á námsgögnum grunnskólabarna. Slíkur kostnaður er ekki einungis töluverður baggi fyrir barnafjölskyldur heldur er sú hefð að foreldrar beri þennan kostnað í ósamræmi við barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Kostnaðarþátttaka foreldra er því í raun ólögleg samkvæmt sáttmálanum og þess vegna óásættanlegt að innkaupalistar skuli enn vera við lýði. Samtökin hrundu af stað undirskriftasöfnun í ágúst til að þrýsta á stjórnvöld að breyta lögum og setja skýrar reglur um að óheimilt sé að krefja foreldra um innkaup á gögnum eða taka við greiðslu fyrir gögn sem nota á vegna skólagöngu barnanna.

Sameiginleg yfirlýsing vegna barna sem leita verndar á Íslandi

Í nóvember sendu Barnaheill – Save the Children á Íslandi, ásamt Rauða krossinum, Unicef á Íslandi og umboðsmanni barna, frá sér yfirlýsingu vegna barna sem leita alþjóðlegrar verndar á Íslandi. Í henni eru stjórnvöld hvött til að líta á slík mál fyrst og fremst út frá réttindum barna. Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013, er Íslandi skylt að virða og tryggja hverju barni innan sinnar lögsögu þau réttindi sem sáttmálinn kveður á um, án nokkurrar mismununar. Ekki má mismuna eftir þjóðerni, þjóðháttum eða félagslegri stöðu eða öðrum aðstæðum barna eða foreldra þeirra eða lögráðamanna.

Símaráðgjöf

Einn þáttur í starfi Barnaheilla er símaráðgjöf þar sem börn og fullorðnir geta leitað upplýsinga um réttindi barna. Margir leituðu til samtakanna á árinu 2016. Málin voru af ýmsum toga; forsjármál, umgengnismál, eineltismál, grunur um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og réttindamál ýmis konar.

Viðurkenning Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Ár hvert frá árinu 2002 hafa samtökin veitt viðurkenningu fyrir sérstakt framlag í þágu barna og mannréttinda þeirra.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skilyrðislausa grunnframfærslu (borgaralaun). 30.03.2016.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, 91/2008 (mannréttindi). 30.03.2016.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum (hámarksgreiðslur sjúkratryggðra og þjónustustýring). 06.05.2016.

Umsögn um frumvarp til laga um útlendinga. 06.05.2016.

Umsögn til Þjóðskrár Íslands, vegna endurskoðunar á lögum um lögheimili nr. 21/1990 og lögum um tilkynningar aðsetursskipta nr. 73/1952. 24.08.2016.

Umsögn um frumvarp til laga um félagasamtök til almannaheilla. 31.08.2016.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017-2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur. 05.09.2016.

Starfsmenn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi voru nokkrum sinnum boðaðir á fund hjá nefndum Alþingis á árinu 2016 til að ræða umsagnir samtakanna og þau málefni sem um var að ræða hverju sinni.

Áskoranir:

Í ágúst sendu samtökin þingmönnum áskorun þess efnis að ljúka afgreiðslu mála sem vörðuðu börn áður en efnt yrði til kosninga. Tveimur málum af fimm var lokið við þingrof.

Áskorun um að uppræta barnafátækt: Barnaheill sendu áskorun á stjórnvöld um að uppræta barnafátækt og gera áætlanir þar að lútandi. Skorað var á stjórnvöld að:

- Tryggja gjaldfrjálsa gæðamenntun fyrir öll börn.
- Minnka brottfall úr skólum með raunhæfum aðgerðum sem virka.
- Styrkja mennta- og velferðarkerfið ásamt beinum inngrípum fyrir þau börn sem eiga við einhvers konar erfiðleika að etja. Mennta- og velferðarkerfið eru helstu tæki jöfnunar og félagslegs réttlætis fyrir börn.
- Tryggja aðgang allra barna að tómstundum, listum og skemmtunum.
- Tryggja að öll börn sem fæðast á Íslandi geti vænst þess að hafa tækifæri til menntunar, heilsu og lífsfyllingar og ekkert barn muni búa við fátækt.
- Hafa fjárfestingu í börnum sem leiðarljós í fjárlagagerð á öllum stjórnvöldum, þar sem fjárfestingin mun skila sér til alls samfélagsins í nútíð og framtíð.
- Að líta ekki á fjármagn í þjónustu við börn sem útgjöld.

Viðurkenningin er veitt til að vekja athygli á Barnasáttmálanum og mikilvægi þess að íslenskt samfélag standi vörð um mannréttindi barna. Viðurkenning Barnaheilla er veitt á afmæli barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þann 20. nóvember. Árið 2016 hlaut Þorgrímur Þránínsson viðurkenningu Barnaheilla – Save the Children á Íslandi. Þorgrímur er landsþekktur rithöfundur og hefur um langt skeið verið börnum góð fyrirmynd með jákvæðri afstöðu sinni til lífsins, heilbrigðu lífveru og drifkrafti. Bækur hans, sem nú telja 23, þekja velflestir íslenskir krakkar. Þær innihalda jákvæðan boðskap og andlega nærandi skilaboð og eru þannig hvatning til yndislestrar. Auk ritstarfa hefur Þorgrímur unnið ötullega að lýðheilsuáttum og forvörnum. Afhending viðurkenningarinnar fór fram í veislusal veitingastaðarins Nauthóls. Páll Valur Björnsson, fyrrverandi þingmaður og talsmaður barna á Alþingi hélt ræðu í tilefni af Degi mannréttinda barna. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, heiðraði samkomuna með nærveru sinni og hélt ávarp og fulltrúar úr ungmennaráði Barnaheilla, þær Herdís og Ingibjörg Kristjánsdætur Linnét ásamt Gunnari Ágústssyni héldu einnig ræðu og fluttu tónlistaratriði.

VERND BARNNA GEGNOFBELDI

Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og öðrum íslenskum lögum eiga börn rétt á vernd gegn hvers kyns ofbeldi og vanrækslu; gegn líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi og gegn því að vera neydd til vándis eða þátttöku í kynlífsiðnaði. Börn eiga enn fremur rétt á að vera vernduð fyrir upplýsingum og öðru efni sem getur skaðað velferð þeirra.

Ábendingalínan - netið og vernd barna gegn kynferðisofbeldi

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá árinu 2001 tekið þátt í alþjóðlegu verkefni um Vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi á neti. Verkefnið hefur notið styrkja frá Evrópusambandinu, síðast árið 2014 frá Connecting Europe styrkjakerfi Evrópusambandsins, CEF, en það samningstímabil rann sitt skeið í lok júní 2016. Nýr samningur var gerður á árinu 2016 og tók hann gildi 1. júlí

2016. Markmið verkefnisins er að vekja athygli almennings, lögreglu, löggjafans, netþjónustuaðila, barnaverndaryfirvalda og fleiri aðila á þætti netsins í kynferðislegu ofbeldi gegn börnum og þrýsta á íslensk stjórnvöld að axla ábyrgð í þessum mála-flokki héraðs og á alþjóðavettvangi. Kjarni verkefnisins er ábendingalína sem rekin er í samvinnu við Ríkislögreglustjóra. Á vef samtakanna, barnaheill.is, er hnappur þar sem hægt er að senda inn nafnlausar ábendingar um ólöglegt og/eða óviðeigandi efni á netinu. Þar er einnig hægt að tilkynna um mansal á börnum, tælingu, klámefni sem er aðgengilegt börnum, um rafrænt einelti, um fullorðna sem misnota börn á ferðum sínum erlendis, hatursorðræðu og fleira. Ábendingarnar fara til skoðunar og rannsóknar hjá lögreglu sem rekur slóðir efnisins, finnur hvar það er vistað og sér til þess að það sé fjarlægð. Ábendingalínan hefur frá árinu 2010 verið aðili að SAFT-verkefninu, en SAFT stendur fyrir Samfélag, fjölskyldu og tækni og er vakningarátak um örugga tækninotkun barna og unglinga á Íslandi. Nánar er rætt um SAFT aftar í skýrslunni. Hnappurinn er auglýstur reglulega í fjölmiðlum. Hægt er að afrita hann af vefsíðu Barnaheilla.

Frá árinu 2001 hafa Barnaheillum – Save the Children á Íslandi borist ríflega 5.000 ábendingar í gegnum ábendingalínuna. Frá árinu 2010 hafa um 35% ábendinganna varðað efni þar sem börn eru beitt kynferðisofbeldi og sýnd á kynferðislegan hátt. Á árinu 2016 bárust mun færri ábendingar en árin á undan, eða um 653 vefslóðir eða annars konar miðla og aðeins ein þeirra reyndist innihalda efni þar sem börn eru beitt kynferðisofbeldi og sýnd á kynferðislegan hátt. Skráning ábendinga hefur frá árinu 2014 miðast við fjölda vefslóða en ekki fjölda tilkynninga, því algengt er að hver ábending varði fleiri vefslóðir. Á undanförmum árum hefur tilkynningum um vefsíður sem vistaðar eru á Íslandi fjölgað. Barnaheill eru í alþjóðasamtökunum INHOPE, regnhlífásamtökum ábendingalína. Í samtökunum eru meira en 48 ábendingalínur í 42 löndum, flestum í Evrópu, og fer þeim fjölgandi ár frá ári. Starf INHOPE samtakanna felst í að efla þekkingu og deila reynslu um málefnið og veita aðildarfélögum stuðning í baráttunni.

Sérhver ábendingalína er í samstarfi við lögreglu og netþjónustuaðila í hverju landi og eru allar tölulegar upplýsingar skráðar í gagnagrunn INHOPE. Árið 2014 reyndust 89.758 tilkynnta vefsíðna til ábendingalína innan vébanda Inhope innihalda efni sem sýndi kynferðisofbeldi gegn barni. 93% þessara vefsíðna náðist að loka innan 72 klukkustunda. Nýrri tölur fyrir árið 2015 liggja ekki fyrir þegar þetta er ritað. Þrátt fyrir öfluga starfsemi til að vernda börn gegn ofbeldi á netinu og við að uppræta efni sem þangað ratar, er við ramman reip að draga. Tækninni fleygir stöðugt fram og þeir sem hafa í hyggju að beita börn ofbeldi og nota netið sem verkfæri til þess, reyna alltaf að finna leiðir til ódæðisverkanna og til að fela slóð sína. Mjög erfitt er að uppræta það efni sem einu sinni er komið á netið. Eina örugga leiðin enn sem komið er, er að koma í veg fyrir að ofbeldið eigi sér stað. Það er gert með öflugri fræðslu og forvörnum og með því að styrkja þær stóðir samfélagsins sem vinna með börnum og foreldrum þeirra. Víða erlendis má nú sjá þess merki að þrýst er á um nýja nálgun í forvörnum, svo sem með aukinni áherslu á að veita ofbeldisfólki meðferð og að veita fræðslu til þeirra sem hafa tilhneigingu til að beita börn ofbeldi. Barnaheill vinna að nýju verkefni sem ætlað er að ná til þeirra sem leita að myndum eða myndböndum sem innihalda kynferðisofbeldi gegn börnum, í þeim tilgangi að leiðbeina þeim að leiðum til að fá aðstoð við óáskillegum hneigðum.

Rit gegn hatursorðræðu

Í janúar gáfu samtökin út, í samstarfi við pólsk sjálfbóðaliðasamtök á vegum Teatr Grodzki, ritið *Model of effective fight against hate speech. Report on combating hate speech on the internet*. Fyrst um sinn er ritið einungis birt á ensku. Hatursorðræða á netinu er alvarlegt mein í heiminum í dag. Með tilkomu internetsins berast upplýsingar, hugmyndir, fréttir og önnur gögn hratt manna á milli. Því er mikilvægt að halda á lofti áminningum um að við erum öll samábyrg fyrir því að halda friði í heiminum og að við þurfum alltaf að gæta þess að vera góðar fyrirmyndir fyrir börn. Ritinu má dreifa til umræðu og til kennslu.

Vernd gegn ofbeldi



Fulltrúar í ungmennaráðum Barnaheilla og Unicef ásamt ráðgjafahópi umboðsmanns barna afhentu Páli Val Björnssyni Barnaréttindaverðlaunin á Alþingi 16. september 2016.

Sex tourism - Vernd barna gegn kynferðisofbeldi af hálfu ferðamanna sem eru á ferð erlendis

Þegar fullorðinn einstaklingur á kynferðislegt samband við barn er það kynferðisofbeldi gegn barninu. Samkvæmt íslenskum lögum getur Íslendingur sem verður uppvís af því að eiga í kynferðislegu samneyti við barn í öðru landi verið dæmdur fyrir það á Íslandi jafnvel þó að slíkt sé ekki ólöglegt í landinu þar sem brotið fer fram. Vegna fátæktar og erfiðra aðstæðna leiðast 1-2 milljónir barna í heiminum út í vændi á ári hverju eða eru beitt kynferðisofbeldi gegn gjaldi. Þeir sem beita ofbeldinu eru gjarnan ferðamenn og ferðast þeir til landa þar sem efnahagur og aðstæður eru verri en í heimalandi þeirra. Einnig er um að ræða

menn í viðskiptaferðum, farandverkamenn, hermenn, starfsmenn erlendra ríkja og fyrirtækja og fleiri. Hinn fullorðni getur ekki skýlt sér bak við samþykki barnsins, menningarmun eða að barnið hafi frumkvæði að samskiptunum. Ávallt er verið að nýta sér neyð barnanna. Barnaheill vilja leggja sitt af mörkum til að koma í veg fyrir að ferðamenn frá Íslandi beiti börn kynferðisofbeldi á ferðum sínum erlendis. Samtökin gefa út póstkort sem heilsugæslan hefur sýnilegt og afhendir ferðamönnum sem koma í bólusetningu vegna ferða erlendis. Kortið er með áletruninni *Áríðandi skilaboð til ferðamanna*. Þar eru ferðamenn hvattir til að vera ábyrgir og tilkynna til ferðaskrifstofu, fararstjóra eða lögreglu ef þá grunar að fullorðinn einstaklingur eigi kynferðislegt samneyti við barn og taka þannig þátt í að vernda barnið gegn ofbeldinu og að koma því til hjálpar.

VINÁTTA - FRI FOR MOBBERI

Í febrúar 2014 undirrituðu Barnaheill – Save the Children á Íslandi samstarfssamning við Mary Fonden og systursamtökin Red barnet - Save the Children í Danmörku um notkun á námsefninu *Fri for mobberi*, forvarnarverkefni gegn einelti í leikskólum og yngstu bekkjum grunnskóla. *Fri for mobberi*, er þróað og mótað af Red barnet og Mary Fonden og kom fyrst út í Danmörku árið 2007 og er nú jafnframt í notkun á Grænlandi og í Eistlandi. Áform eru um

að taka það til notkunar í fleiri löndum. Háskólinn í Hróarskeldu hefur þróað spurningakönnun til að taka efnið út og meta árangur þess. Rannsóknir í Danmörku sýna mjög góðan árangur af notkun efnisins og mikil ánægja er með verkefnið meðal starfsfólks og foreldra barnanna í skólunum þar sem það er notað. Á Íslandi fékk námsefnið nafnið *Vinátta*, en það hefur skírskotun í þau gildi sem efnið byggir á; umhyggju, virðingu, umburðarlyndi og hugrekki. Barnaheill hafa látið þýða, staðfæra og framleiða námsefnið fyrir leikskóla. Um er að ræða tösku sem inniheldur nemendaeefni, efni fyrir starfsfólk og foreldra auk kennsluleiðbeininga. Efninu fylgir bangsinn Blær, sem er tákmynd vináttunnar, auk hjálparbangsa fyrir hvert barn sem vinnur með efnið. Starfsfólk skóla fær fræðslu og þjálfun í notkun efnisins. Veturinn 2014-2015 tóku sex leikskólar í jafnmörgum sveitarfélögum þátt í tilrauna- og aðlögunarvinnu í samstarfi við Barnaheill. Starfsfólkið tók einnig þátt í rannsóknum og mati á árangri efnisins, sem Menntavísindastofnun Háskóla Íslands staðfærði og vann úr í samstarfi við Barnaheill. Strax má sjá árangur af notkun efnisins í samskiptum barnanna á leikskólunum. Haustið 2015 var svo efnið endurgert, bætt við nýju efni og gefið út í endanlegri mynd. Í febrúar 2016 var verkefninu formlega hleypt af stokkunum með athöfn í leikskólanum Kópahvoli í Kópavogi. Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, hélt ræðu og Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi, sagði frá þátttöku Kópavogs í verkefninu. Börnin á Kópahvoli sungu Vináttulög af nýjum diskum verkefnisins með Ragnheiði Gröndal og Stefáni Erni Gunnlaugssyni, sem syngja löggin á disknum. Lesið var úr sögubók *Vináttu* og nýtt kynningarmyndband var frumsýnt.

Á árinu 2016 voru Vináttuleikskólarnir orðnir 50 talsins en það er um 20% leikskóla á Íslandi. Mikil ánægja er með efnið meðal leikskólanna og mikill árangur er af notkun þess.

Á árinu hófst undirbúningur tilraunavinnu með efni fyrir 1.-3. bekk grunnskóla. Þýðing, staðfæring og útgáfa þess er í gangi og áætlað að tilraunavinna hefjist haustið 2017.



Börn á leikskólanum Grænátúni prýddu forsíðu Blaðs Barnaheilla 2016, en leikskólinn innleiddi Vináttuverkefnið á árinu.



Hluti af Ungmennaráði Barnaheilla 2016. Gunnar Ágústsson, Andri Snær Egilsson, Brynhildur Kristín Ásgeirsdóttir, Berglind Egilsdóttir, Heiða Norðkvist Halldórsdóttir, Margrét Hlín Harðardóttir og Herdís Ágústa Kristjánsdóttir Linnét, formaður ungmennaráðsins.

ÁHRIFAMÁTTUR BARNNA

Samkvæmt 12. og 13. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á að tjá sig, leita upplýsinga, láta í ljós skoðanir sínar og hafa áhrif. Barnaheill leggja áherslu á að vera í samstarfi við börn og ungmenni og er starf ungmennaráðs og samstarf við skóla liður í þeirri áherslu samtakanna að rödd barna heyrist betur í íslensku samfélagi. Í samvinnu við Fréttablaðið hafa auglýsingar verið birtar þar sem börn skrifa um réttindi sín. Auglýsingarnar hafa vakið mikla athygli og eru stöðug áminning fyrir lesendur um réttindi barna.

Ungmennaráð Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Ungmennaráð samtakanna var stofnað árið 2008 og er félagsskapur ungs fólks á aldrinum 13-25 ára. Hópurinn vill stuðla að réttlæti í heiminum og vekja athygli á málefnum er varða réttindi og stöðu barna, bæði hér á landi og erlendis. Markmiðið með starfi ungmennaráðsins er annars vegar að stuðla að bættum hag barna og hafa áhrif á viðhorf til barna í samfélaginu og hins vegar að virkja börn og unglínga til þátttöku í að móta það samfélag sem þau eiga aðild að. Ungmennaráðið er jafnframt Barnaheillum til ráðgjafar og aðstoðar í ýmsum verkefnum á vegum samtakanna. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er leiðarljós ungmennaráðsins eins og samtakanna sjálfra. Frá upphafi hafa um 50 ungmenni tekið þátt í starfi ungmennaráðsins. Frá árinu 2014 hefur ungmennaráðið verið í nánu samstarfi við ráðgjafahóp umboðsmanns barna og ungmennaráð UNICEF á Íslandi, meðal annars við afhendingu barna-

réttindaverðlauna sem afhent verða árlega, þeim þingmanni sem ungmenni telja hafa unnið best að hagsmunum barna á þingi. Fyrstu barnaréttindaverðlaunin voru veitt Páli Vali Björnssyni að hausti 2016. Annað sem ungmennaráð Barnaheilla vann að á árinu má helst nefna: Fulltrúar ráðsins fóru erlendis nokkrum sinnum og sóttu fundi norræns samstarfshóps Save the Children ungmennaráðanna á norðurlöndum, haldnar voru kynningar og erindi á ýmsum viðburðum, ráðið stóð fyrir gerð facebook síðu þar sem boðin er heimanámshjálpar, fulltrúar ráðsins voru valdir til að sitja í nýju ungmennaráði Menntamálastofnunar, formaður ráðsins sótti fund alþjóðasamtakanna í New York í júní og ráðið stóð fyrir fatasöfnun í samstarfi við Hjálparstofnun kirkjunnar í nóvember. Ungmennaráðið hlaut talsverða fjölmiðlaumfjöllun á árinu, tekin voru viðtöl við meðlimi, birtar voru greinar og fréttir fluttar af viðburðum. Ungmennaráðið eflidist mjög á árinu og verður áhugavert að fylgjast með framhaldinu.

Kvikmynd um Barnasáttmálann

Ungmennaráð Barnaheilla, UNICEF á Íslandi og ráðgjafahópur umboðsmanns barna unnu á árinu 2015 saman að gerð kvikmyndar um Barnasáttmálann í tilefni 25 ára afmælis hans sem var árið 2014. Á árinu 2016 var unnið að tæknivinnu sem stefnt er að að ljúka á árinu 2017. Við verkefnið starfar framleiðandi, Ívar Kristján Ívarsson, sem hefur leitt verkefnið ásamt ungmennunum sem tóku ríkan þátt í gerð myndarinnar. Verkefnið hlaut styrki frá Æskulýðssjóði, Barnavinafélaginu Sumargjöf og Forvarnarsjóði Reykjavíkurborgar. Nemendur í Borgarholtskóla tóku þátt

í tæknivinnu framleiðslunnar. Stefnt er að því að kvikmyndin verði frumsýnd á RÚV. Henni verður dreift til grunnskóla landsins til sýninga og til kennslu í mannréttindum barna. Eftirvinnsla myndarinnar stendur yfir. Vonir standa til að myndin verði frumsýnd á seinni helmingi ársins 2017.

INNLENT SAMSTARF

Barnaheill eiga í viðtæku samstarfi við opinbera aðila, stofnanir og frjáls félagasamtök sem vinna að málefnum barna hér á landi.

Talsmenn barna á Alþingi

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru í nánu samstarfi við umboðsmann barna og Unicef á Íslandi um verkefnið Talsmenn barna á Alþingi. Á 144. löggjafarþingi voru í fyrsta sinn tilnefndir talsmenn barna frá öllum þingflokkum til að vinna að hagsmunum barna á þingi.

Velferðarvaktin

Frá stofnun velferðarvaktar velferðar-ráðuneytis árið 2009 hafa Barnaheill verið þátttakendur. Vaktin er samráðs- og samstarfsvettvangur og álitsgjafi á sviði velferðarmála. Sérstaklega er hugað að velferð og afkomu efnalítilla barnafjölskyldna og aðstæðum þeirra sem búa við sára fátækt svo draga megi úr henni. Tveir samráðshópar voru skipaðir af vaktinni og eiga Barnaheill fulltrúa í þeim báðum.

Þróunarsamvinna

Barnaheill eiga samstarf við önnur íslensk mannúðarsamtök og er tilgangur samstarfsins að styrkja hlutverk allra samtakanna og auka sýnileika þeirra í íslenskri þróunarsamvinnu. Í samstarfshópnum eru auk Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, ABC-barnahjálpar, Hjálparstarf kirkjunnar, Rauði kross Íslands, Samband íslenskra kristniboðsfélaga (SÍK), Sól í Tógó, SOS-barnaþorp og UN Women.

SAFT

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru aðili að SAFT verkefninu, en SAFT stendur fyrir samfélag, fjölskylda og tækni. SAFT er vakningarátak um örugga net- og



Sýningin Óskir íslenskra barna hefur farið víða um landið. Myndin er tekin af ljósmyndaranum og höfundi sýningarinnar, Ástu Kristjánsdóttur, ásamt ungmennum á Húsavík við opnunina í bænum.

tækninotkun barna og unglinga á Íslandi. Verkefnið er hluti af Connecting Europe facility (CEF), og nýtur fjárstuðnings Evrópusambandsins á grundvelli net-öryggishluta samgönguáætlunar ESB. Aðilar að SAFT á Íslandi eru auk Barnaheilla; Heimili og skóli, Ríkislögreglustjóri og Rauði krossinn. Ábendingalína Barnaheilla er einn hluti verkefnisins en að auki gefur SAFT út efni og er með fræðslu til foreldra og skóla sem á að stuðla að ábyrgri og öruggri netnotkun. Eins og áður kom fram eru Barnaheill aðili að INHOPE samtökum sem eru regnhlífarsamtök ábendingalína með tæplega 50 ábendingalínum víðs vegar um heim.

SAMAN-hópurinn

Markmiðið með starfi SAMAN-hópsins er að styðja og styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu. Lögð er áhersla á samveru foreldra og barna, á tímamótum, á hátíðum og í leyfum og sendir hópurinn skilaboð til foreldra í þá veru. Rannsóknir hafa sýnt að samvera foreldra og barna er ein besta forvörn og að börn og unglingar vilja verja meiri tíma með foreldrum sínum. Vefsvæði hópsins er samanhopurinn.is og er hópurinn jafnframt með facebook síðu.

Náum áttum-hópurinn

Fræðslu- og forvarnahópurinn Náum áttum skipuleggur morgunverðarfundum um ýmis mál er varða forvarnir og velferð barna og ungmenna. Í hópnum eiga sæti fulltrúar nokkurra stofnana

og félagasamtaka sem ákveða saman fundarefni og skipuleggja dagskrá fundanna og útvega einnig fyrirlesara og aðstoðu. Meðal þess sem fjallað var um á fræðslufundum á árinu 2016 voru leikskólar og forvarnir, ungmenni í framhaldsskólum, rafrettur og munntóbak, foreldra barna í vímvanda og netnotkun. Vefsvæði hópsins er naumattum.is og hópurinn er jafnframt með facebook síðu.

Evrópusamstarf

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eiga aðild að Evrópuhópi Save the Children. Evrópuhópurinn vinnur að almennri réttindabaráttu fyrir börn, vernd barna gegn ofbeldi, málefnum vegalausra barna, hælisleitenda, barna sem eru fórnarlömb mansals og gegn fátækt barna í Evrópu. Samtökin beita sér fyrir því, meðal annars í gegnum lagaumsagnir, að réttur barna og sérstaða sé tryggð í samningum Evrópusambandsins og á EES-svæðinu.

FRÆÐSLA, FORVARNIR OG KYNNINGARSTARF

Ár hvert veita starfsmenn Barnaheilla fræðslu um samtökin og starfsemi þeirra, um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og annað sem tengist mannréttinda- og mannúðarmálum barna. Leitað er til samtakanna af öðrum samtökum og opinberum aðilum. Barnaheill – Save the Children á Íslandi leggja áherslu á að vera með stöðuga og trausta upplýsingagjöf til fjölmiðla um málefni er varða börn og

mannréttindi þeirra. Allar fréttatilkynningar og greinar eru birtar á heimasíðu samtakanna og á samfélagsmiðlinum Facebook.

Fræðsluefni

Einn liður í fræðslustarfi samtakanna er gerð fræðsluefnis um réttindi barna, um vernd barna gegn ofbeldi og um öryggi barna.

Fræðsluvefurinn vernduborn.is, hefur að geyma upplýsingar um vernd barna gegn ofbeldi. Á vefnum er að finna upplýsingar um einkenni og afleiðingar líkamlegs, andlegs og kynferðislegs ofbeldis gegn börnum, eineltis, vanrækslu og þess að búa við heimilisofbeldi. Einnig eru þar upplýsingar um hvert hægt er að leita vakni grunur um ofbeldi gegn börnum. Barnaheill gefa jafnframt út bækling um málefnið sem dreift er á heilsugæslustöðvar og víðar.

Þetta er líkaminn minn

Fræðslurit Barnaheilla um vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi. Bókin er skrifuð til að aðstoða fullorðna og börn á leikskólaaldri við að ræða saman opið og óþvingað um jákvæða og neikvæða snertingu. Samtökin eru í samstarfi við heilsugæslustöðvar um dreifingu á bókinni. Jafnframt hafa margir leikskólar nýtt sér hana. Stöðugt er aukning á dreifingu og notkun bókarinnar og má ætla að tugir þúsunda íslenskra barna hafi notið góðs af henni frá því hún var fyrst gefin út árið 1998. Á árinu 2016 var um 2000 bókum

dreift til um 22 heilsugæslustöðva og víðar. Þróunarstofa heilsugæslunnar hefur fengið leyfi samtakanna til að nota efni bókarinnar í forvarnastarf heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu um vernd barna gegn kynferðisofbeldi. Samskiptamiðstöð heyrnalausra og heyrnarskertra var jafnframt í samstarfi við Barnaheill um að gera bókina aðgengilega fyrir heyrnalaus börn, foreldra þeirra og aðra sem annast þau. Til þess þarf að flytja efni hennar á íslensku táknmáli. Mikilvægt er að þeir sem dreifa bókinni ræði efni hennar við þá sem við henni taka áður en bókinn er afhent.

barnasattmali.is

Í samvinnu við umboðsmann barna, UNICEF á Íslandi og Námsgagnastofnun, halda samtökin úti námsvef og gefa út veggspjöld og bæklinga um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og mannréttindi barna. Námsvefurinn barnasattmali.is, er aðallega ætlaður til notkunar í grunnskólum landsins og hentar nemendum frá 5 til 14 ára. Vefurinn er einnig ætlaður börnum og fullorðnum til almennrar notkunar.

Veggspjald um slysavarnir

Um árabíl hafa Barnaheill - Save the Children á Íslandi boðið heilsugæslustöðvum veggspjald um slysavarnir barna til að afhenda foreldrum í ung- og smábarnavernd. Nú hefur veggspjaldið verið endurgert og unnið í samstarfi við forvarnardeild VÍS. Veggspjaldið nefnist *Örugg börn*. Það sýnir hvernig hægt er að búa heimili og umhverfi barna á sem öruggastan hátt og reyna þannig að koma í veg fyrir að börn slasist, því slys eru yfirleitt ekki tilviljun. Mælt er með því að veggspjaldið sé afhent foreldrum í 5 mánaða skoðun. Karl Jóhann Jónsson listmálari gerði myndirnar á veggspjaldinu.

Ljósmyndasýningin Óskir íslenskra barna

Í tilefni af 25 ára afmæli Barnaheilla á árinu 2014 efndu samtökin til ljósmyndasýningar í Smáralind í samvinnu við Ástu Kristjánsdóttur, ljósmyndara. Sýningin var opnuð í desember það ár og var gjöf samtakanna til barna á Íslandi í tilefni af afmælinu. Í september 2015 var sýningin svo opnuð í Gerðubergi og stóð þar fram í janúar 2016 og hefur síðan ferðast um



Kristín Ragna Gunnarsdóttir, listakona, hannaði jólakort Barnaheilla og leit við á skrifstofu Barnaheilla þegar starfsfólk Íslandsbanka var í óða önn að pakka kortunum – en það var hluti af hjálparhönd, stuðningi bankans í þágu samtakanna.

landið allt árið 2016. Sýningin var sett upp í bókasafni Árborgar, Sögusetrinu á Hvolsvelli, var ein af 4 sýningum á Listahátíð barna í Reykjanesbæ, var sýnd í Safnahúsinu á Húsavík og þaðan var hún send til Egilsstaða. Ljósmyndirnar á sýningunni byggja á reynslusögum íslenskra barna úr samtímanum sem upplifað hafa ofbeldi, vanrækslu, einelti eða fátækt. Myndirnar sýna óskir barnanna um betra líf. Grunnskólar fengu sendar upplýsingar um sýninguna og leiðbeiningar um hvernig hægt væri að nýta hana í kennslu og umræðum með börnum. Börn sem komu á sýninguna voru svo hvött til að skrifa sínar eigin óskir á miða og setja á minnistöflu eða í fuglahús sem var í sýningarsalnum. Á árinu vann Martha María Einarsdóttir meistararitgerð í félagráðgjöf sem hún byggði á ljósmyndasýningunni og óskunum sem safnast höfðu frá börnum á landinum. Ritgerðin ber nafnið „Ég óska þess að óskin mín rætist“: Upplifun barna af sýningunni Óskir íslenskra barna. Ráðgert er að nýta efni ritgerðarinnar til frekari verkefnavinnu fyrir börn á Íslandi ásamt því að nýta efni ljósmyndasýningarinnar áfram til fræðslu um mannréttindi barna.

FJÁRÖFLUNARVERKEFNI

Út að borða fyrir börnin

Frá 15. febrúar til 15. mars 2016 fór árlega fjáröflunarátakið *Út að borða fyrir börnin* fram. Alls tóku 30 veitingastaðir þátt í átakanu með því að láta hluta af ágóða valinna rétta renna til verkefna Barnaheilla sem snúa að vernd barna gegn ofbeldi.

Jólakort

Sala jólakorta er afar mikilvæg fjáröflunarleið fyrir Barnaheill sem reiða sig alfarið á frjáls framlög einstaklinga, fyrirtækja og opinberra aðila. Kristín Ragna Gunnarsdóttir listakona studdi samtökin með því að leyfa afnot af myndinni Jólakötturinn á jólakort samtakanna 2016. Fyrirmynd jólakattarins er Hrafna-Flóki, 12 ára köttur listakonunnar sem birtist á kortinu með friðardúfu á kollinum.

Jólapeysan

Jólapeysan var haldin í fjórða sinn á árinu 2016. Safnað var fyrir sýrlenskum flóttabörnum. Hagkaup styrktu átakið með 10% af söluandvirði jólapeysa í verslunum sínum. Þema átaksins snerist um þátttöku í jólapeysum í spilinu Nefndu3 og var einnig samvinna við framleiðendur spilsins, sem létu 10% af seldum spilum úr Hagkaup renna til átaksins. Veitt voru verðlaun fyrir fyndnustu einstaklings- og hópamyndina og fyndnasta myndbandið í Nefndu3 spilinu. Úrslit í Jólapeysukeppninni voru svo tilkynnt á Facebook síðu átaksins. Jólapeysan er að fyrirmynd *Christmas Jumper* átaks Save the Children í Bretlandi, en hefur verið aðlagð að íslenskrí menningu og aðstæðum.

Erlent starf

Helstu áherslur í alþjóðastarfi Barnaheilla – Save the Children byggja á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og eru á grunnmenntun barna, vernd barna gegn ofbeldi, rétt til lífs og þroska og þátttöku. Í 28. grein sáttmálans segir að öll börn eigi rétt á endurgjaldslausri grunnmenntun, í 19. grein er kveðið á um rétt barna til verndar gegn ofbeldi og vanrækslu, samkvæmt 24. grein eiga öll börn rétt á heilsugæslu og í 12. grein Barnasáttmálans er fjallað um rétt barna til að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif.

NEYÐARAÐSTOÐ

Neyðaraðstoð er ein af meginstoðum alþjóðasamtaka Save the Children. Samtökin eru með áratuga reynslu í hjálparstarfi á hamfarasvæðum. Þar sem samtökin vinna að þróunarverkefnum í yfir 120 löndum, eru þau oftast en ekki með starfsemi í nálægð við staði þar sem náttúruhamfarir eða hörmungar af einhverju tagi verða og geta því brugðist fljótt við neyð. Í hjálparstarfinu gæta Save the Children sérstaklega að velferð barna en þau þurfa sérstaka vernd á tímum hamfara. Samtökin leggja áherslu á að grunnmenntun barna sé hluti af neyðaraðstoð, ekki síst á átakasvæðum þar sem neyðarástand getur ríkt í langan tíma.

Neyðaraðstoð alþjóðasamtaka Save the Children í tölum á árinu 2016 fór fram á 129 stöðum í 60 löndum 52 landsskrifstofur voru starfandi með viðbragðsteymi 112,6 milljónir manna voru fórnarlömb hamfara eða átaka og 11,9 milljónir manna nutu góðs af neyðaraðstoð samtakanna - þar af 6,7 milljónir barna.

SÝRLAND

Fjöldi Sýrlendinga í þörf fyrir neyðaraðstoð árið 2016 var um 13,5 milljónir, þar af um 6 milljónir barna. Tæplega 11 milljónir hafa neyðst til að flytja heimili sín. Þar af eru 6,1 milljón á vegangi innan Sýrlands en utan landsins eru 4,8 milljónir Sýrlendinga skráðir flóttamenn (óljóst hversu margir eru óskráðir).

Í dag hafa fimm milljónir Sýrlendinga flúið til nágrannalanda Sýrlands og þá eru ekki taldir flóttamenn innan landamæra, eða þær 1,2 milljónir sem sótt hafa um hæli í Evrópu. Flestar flóttamannabúðir eru yfirfullar sem gerir hjálparþáttum erfitt um vik að veita fólki þær grunnnauðsynjar sem þarf. Börn eru stór hluti fórnarlamba

í þeim átökum sem hafa geisad. Þau eru drepin, særð eða haldið föngum. Á sama tíma eru réttindi þeirra fótum troðin.

Ástandið í Sýrlandi hefur varað í tæp sex ár. Það hafði síst batnað á síðustu mánuðum ársins, átökin héldu áfram og færðust til dæmis í aukana í borgunum Aleppo og Idlib. Þær hörmungar sem gengið hafa yfir sýrlenskar fjölskyldur eru ólýsanlegar. Allt bendir til þess að Sýrland muni þurfa mikla aðstoð á komandi árum.


Í júní 2016 fengu Barnaheill – Save the Children á Íslandi 19,5 milljón króna styrk frá Utanríkisráðuneytinu til að stöðja við Svæðasjóð Save the Children sem aðstoðar börn vegna ástandsins í Sýrlandi.


Svæðasjóðurinn veitir fjármagni til neyðarhjálp og mannúðaraðstoðar vegna neyðarástandsins sem ríkir í Sýrlandi. Sjóðurinn var settur á stofn árið 2014 til þess að framlög frá meðlimum Save the Children viðsvegar að úr heiminum nýttust sem best og væri stýrt skipulega inn í

þau verkefni sem samtökin standa fyrir á svæðinu. Landsskrifstofur samtakanna í nærliggjandi löndum sem veita flóttamannahjál og neyðaraðstoð sækja um í sjóðinn og þurfa verkefni að uppfylla strangar kröfur um upplýsingaskyldu, bæði hvað varðar fjárútlát og gæði verkefnanna. Áhersla sjóðsins hingað til hefur að mestu leyti verið á verkefni innan sýrlensku landamæra, en sjóðurinn styður einnig nágrannaríki Sýrlands sem hafa ekki farið varhluta af ástandinu. Þessi ríki eru Tyrkland, Írak, Jórdanía, Líbanon og Egyptaland. Verkefni hafa að stærstum hluta snúið að hreinlætismálum og dreifingu lífnauðsynja í samvinnu við hjálparþáttum og alþjóðastofnanir.

Sjóðurinn getur brugðist betur við neyð þar sem ákvarðanatökin er nær þeim aðstæðum sem koma upp á hverjum tíma. Þannig er hægt að ná fyrir til barna í þörf fyrir stuðning. Grasróttin hefur einnig meiri áhrif á ákvarðanir sem eru þá ekki miðstýrðar. Á sama tíma er öllum þörfum mætt varðandi verkefnisstjórn, skýrsluskil og eftirfylgni samkvæmt reglum og skilyrðum sem meðlimir sjóðsins hafa sett.

Heildarkostnaður Barnaheilla – Save the Children vegna stuðnings við sjóðinn voru 20,6 milljónir króna. Eins og áður segir var 95% af þeim kostnaði fjármagnað með styrk frá Utanríkisráðuneytinu.






Sjö ára drengur situr í rústum skólabyggingar í Aleppo í Sýrlandi. Á síðasta ári missti hann framan af handleggnum í sprengjuárás á skólann. Átta létu lífið í árásinni, þar af fimm börn. Ljósmyndari: Ahmad Baroudi/Save the Children



EVERY LAST GIRL

 Save the Children

**Free to live, free to learn,
free from harm**

FLÓTTAMANNAVANDINN

Heimurinn stendur frammi fyrir verstu mannúðarkrísu frá seinni heimsstyrjöld. Fleiri en nokkru sinni áður flýja stríð og ofsóknir. Meirihluti þeirra er frá Sýrlandi. Meira en helmingur flóttamanna eru börn sem eiga allt undir stuðningi og aðstoð eigi þau að öðlast betri framtíð.

Í október höfðu að minnsta kosti 600 flóttabörn látist á leið yfir Miðjarðarhafið í leit a betra lífi í Evrópu. Gögn sem samtökin tóku saman sýndu að tvö börn að meðaltali létust eða hurfu á hverjum degi frá upphafi ársins til loka septembermánaðar þegar þrjú ár voru frá því 300 flóttamenn drukknuðu við ítölsku eyjuna Lampedusa.

Meira en 3.500 manns höfðu þá látist í Miðjarðarhafinu það sem af var árinu, næstum 600 fleiri en á sama tímabili 2015. Rúmlega 20.600 flóttabörn höfðu komið til Ítalíu frá upphafi ársins, af þeim voru 18.400 ein á ferð.

Í byrjun september tóku samtökin í notkun björgunarskipið Vos Hestia sem gert er út frá Sikiley og ætlað að bjarga flóttafólki og hælisleitendum í neyð á Miðjarðarhafi. Skipið hafði fyrsta mánuðinn bjargað meira en 600 manns í neyð, þar af 85 börnum sem sum voru yngri en fimm ára gömul.

Í júlí höfðu meira en 1,2 milljónir flóttamanna komið til Evrópu frá árinu á undan. Þetta eru mestu fólksflutningar frá seinni heimsstyrjöld. Flestir komu frá Sýrlandi, Súdan, Afghanistan, Sómalíu og Eritreu. Frá árinu 2015 fram í júlí 2016 höfðu meira en 6.600 flóttamenn drukknað eða horfið á leiðinni yfir Miðjarðarhafið.

EVERY LAST GIRL

Í apríl 2016 hleyptu Barnaheill - Save the Children International af stokkunum nýrri alþjóðlegri herferð sem miðar að því að eyða ójöfnuði í mennta- og heilbrigðismálum svo öll börn geti notið réttinda sinna. Mismunurinn er stærsta ógn

fátækra barna í heiminum í dag. Þrátt fyrir mikinn árangur í réttindabaráttu barna síðustu 25 ár eru enn milljónir barna sem ekki hefur náðst til. Þau hafa gleymst af því þau búa á röngum stað, eru stúlkur, á flótta, fötluð eða í minnihlutahópum.

Í skýrslu sem gefin var út við upphaf herferðarinnar kemur meðal annars fram að þótt betur hafi gengið að ná til fátækustu barna heims, er litið framhjá þeim hópum sem lenda í mestri mismunun, þrátt fyrir að þeir séu viðkvæmastir og framtíðarhorfur þeirra fari stöðugt versnandi.

Erlent starf



Ungur flóttadrengur gengur í gegnum ringulreiðina í flóttamannabúðum í Idomeni í Grikklandi.
Ljósmyndari: Simon Edmunds/Save the Children

40% UPPLIFÐU MISMUNUN

Í skýrslunni segjast fjórir af hverjum tíu fullorðnum í heiminum hafa þjáðst vegna mismununar sem þeir upplifðu sem börn. Mismununin var byggð á kyni, kynþætti, trú, fötlun eða búsetu.

Reynsla hjálparstofnana sýnir að milljónum fátækustu barna í heiminum er neitað um lífsnauðsynlega þjónustu vegna þess hver þau eru og hvar þau búa.

Vegna þessa segir næstum helmingur þátttakenda í könnuninni að aðgengi að menntun hafi verið verulega skert vegna þessara aðstæðna og rúmlega þriðjungur segist ekki hafa átt möguleika á að fá lífsnauðsynlega heilbrigðisaðstoð.

Rúmlega 18 þúsund manns um allan heim tóku þátt í rannsókninni, sem er sú stærsta sinnar tegundar sem samtökin hafa ráðist í og tekur í fyrsta sinn á afleiðingum mismununar barna varðandi framtíðarmöguleika þeirra í lífinu.

Þremur árum verður unnið að því að ná til milljóna barna í þessari stöðu svo þau fái notið þessara grunnréttinda sinna til menntunar og heilbrigðis.

ERLENT SAMSTARF

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vinna með alþjóðasamtökunum Save the Children International um mótun stefnu og starfshátta. Einnig sjá samtökin á Íslandi um að koma á framfæri helstu fréttum af alþjóðlegri starfsemi samtakanna og taka þátt í hinum ýmsu verkefnum sem þau standa fyrir.

Árlega er haldinn fundur með forsvarsmönnum landssamtaka Save the Children til að móta stefnu og samræma aðgerðir. Ársfundurinn 2016 var haldinn í New York. Kolbrún Baldursdóttir, formaður stjórnar Barnaheilla og Herdís Ágústa Kristjánsdóttir Linnét, formaður Ungmennaráðs Barnaheilla sóttu fundinn. Þátttaka á ársfundum er afar mikilvæg, þar kemur ýmislegt lærdómsríkt og fræðandi

fram auk þess sem þar skapast tækifæri til að mynda tengsl og hafa áhrif.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru í samstarfshópi Evrópuhluta Save the Children sem er með aðsetur í Brussel. Aðild að þeim eiga systursamtökin í Danmörku, Finnlandi, Hollandi, Ítalíu, Lítháen, Noregi, Rúmeníu, Spáni, Svíþjóð, Sviss og Þýskalandi. Meðal markmiða samstarfsins er að hafa áhrif á löggjöf og stefnu Evrópusambandsins og Evrópuráðsins um málefni er varða réttindi og velferð barna.

Helsta verkefni Evrópuhópsins á árinu 2016 var gerð skýrslunnar „Ending Educational and Child Poverty in Europe, Leaving No Child Behind“ sem kom út í nóvember. Skýrslan hefur vakið verðskuldaða athygli víða í álfunni, ekki síst hér á landi.



Save the Children

WE'RE CAMPAIGNING FOR:

Children living in remote rural areas and children living in urban slums



Primary school enrolment in urban slums is 62% compared to the urban average of 77%.



So we are taking action...

to decentralize education governance for tailor-made solutions to problems faced specifically by deprived areas.

to promote differential health programming and investments for children in deprived areas.

to involve communities in preventing child marriage and violence against children.

BANGLADESH



Only 21% of births take place at health facilities in Sylhet division, which has the highest concentration of hard-to-reach rural population.



66% of girls in Bangladesh are married before their 18th birthday.

IN EVERY COUNTRY, WE'RE CALLING FOR THESE GUARANTEES FOR EVERY LAST CHILD:

FAIR FINANCE
Create global rules and national systems that enable money to be raised and spent in ways that get every child the essential services they need to survive, learn and be protected.

EQUAL TREATMENT
Challenge and change laws and behaviours that discriminate against children, in ways that stop them from surviving, learning and being protected.

ACCOUNTABILITY TO CHILDREN
Give excluded children and their communities a voice in the decisions that affect them, and ensure that every last child is registered and counted.

Sérstakar þakkir


Stjórn og starfsfólk Barnaheilla – Save the Children á Íslandi þakka öllum þeim sem hafa lagt samtökunum lið á árinu 2016.

Með stuðningnum er samtökunum gert kleift að vinna mikilvægt starf í þágu barna


Tekjur og gjöld 2016

Tekjur af reglulegri starfsemi Barnaheilla - Save the Children á Íslandi voru samtals kr. 100,3 milljónir. Um 60% tekna samtakanna komu frá einstaklingum í formi einstaklingsframlaga og fjáröflunar. Rekstrargjöld voru rúmlega 97 milljónir. Átak í fjölgun styrktaraðila hélt áfram á árinu og því hækkaði kostnaðurinn vegna fjáröflunar frá fyrra ári. Reksturinn var þó í góðu jafnvægi með 2,9 milljónir í hagnað á árinu.

SKIPTING TEKNA



SKIPTING GJALDA



Barnasáttmálinn og Dagur mannréttinda barna

Þann 15. mars 2016 var samþykkt á Alþingi að 20. nóvember ár hvert skuli helgaður fræðslu um mannréttindi barna, en þá er afmælisdagur barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Barnaheillum - Save the Children á Íslandi var falið af innanríkisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra að sjá um framkvæmd dagsins. Barnasáttmálinn var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna þennan dag árið 1989 og varð því 27 ára 20. nóvember 2016. Hann var undirritaður á Alþingi árið 1990 og staðfestur fyrir Íslands hönd 28. október 1992. Sáttmálinn var lögfestur á Alþingi 20. febrúar 2013. Í lögfestingu felst að hægt er að beita ákvæðum sáttmálans fyrir dómstólum sem settum lögum og er því um að ræða mikla réttarbót fyrir íslensk börn.

Í greinargerð sem fylgdi þingsályktunartillögunni segir: „Samkvæmt Barnasáttmálanum ber aðildarríkjum að kynna efni hans með virkum hætti fyrir börnum sem og fullorðnum. Grundvallarforsenda fyrir innleiðingu sáttmálans er að fólk, börn jafnt sem fullorðnir, þekki réttindi barna og geti sett þau í samhengi við daglegt líf og starf. Einhver helsta áskorunin sem við stöndum frammi fyrir á Íslandi er að auka þekkingu á innihaldi Barnasáttmálans. Kannanir meðal barna sýna að íslensk börn hafa takmarkaða þekkingu á réttindum sínum og vissa tilhneigingu til að rugla saman grundvallarhugtökum á borð við „förréttindi“ og „réttindi“. Til að fullorðnir og börn geti átt innihaldsrík samtöl um mannréttindi á jafningjagrundvelli er þörf fyrir markvissari fræðslu. Eitt mikilvægasta skrefið í þá átt er að skapa umræðu um réttindi og fræða einstaklinga um birtingarmynd réttinda í daglegu lífi. Þannig gerum við börn meðvituð um eigin réttindi og komum þeim í skilning um að aðrir eigi sömu réttindi. Sérstakur fræðsludagur um mannréttindi barna er mikilvægt skref í þá átt að auka þekkingu barna á réttindum sínum.“
Barnaheill hvetja skólasamfélagið til þátttöku á Degi mannréttinda barna þann 20. nóvember ár hvert.



Barnaheill